

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 277/1996.

Þorfinnur Guðnason

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

gegn

Andrá ehf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1996. Með bréfi 7. ágúst 1996 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 250.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að tryggingin verði ákveðin lægri fjárhæð en krafist er.

Rök stefnda eru þau, að fram hafi farið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda 16. nóvember 1995. Síðan hafi bú áfrýjanda verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 26. júní 1996. Breyti engu um kröfu stefnda, þótt gjaldþrotaskiptin hafi verið endurupptekin, þar sem skiptabeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík, afturkallaði kröfu sína um gjaldþrotaskipti. Séu líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að eignir áfrýjanda standi undir greiðslu málskostnaðar. Árangurslaust fjárnám, sem gert var hjá áfrýjanda, gefi ekki rétta mynd af fjárhag hans. Áfrýjandi sé eigandi íbúðar að Vegghömrum 41, Reykjavík og hafi verið það, þegar árangurslaust fjárnám var gert. Hinn 15. febrúar 1996 hafi áfrýjandi keypt bifreið fyrir 250.000 krónur, en samkvæmt fram lögðu veðbókarvottorði sé bifreiðin veðbandalaus. Gjaldþrotaúrskurður leiði ekki líkur að því, að áfrýjandi sé ógjaldfær, enda hafi málið verið endurupptekið 11. júlí 1996 og gjaldþrotaskiptin felld niður. Málshöfðun áfrýjanda sé ekki tilhæfuleus eða tilgangslítill og varði mikla hagsmuni áfrýjanda.

Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki leitt að því nægar líkur, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Andrár ehf., um málskostnaðartryggingu er hafnað.
